



Láttu viðkvæmt útlit mitt ekki blekkja þig

Do Not Let My Fragile Appearance Deceive You

kvikmyndainnsetning / film installation

# Bjargey Ólafsdóttir

15. janúar - 27. febrúar 2005



Bjargey Ólafsdóttir stundaði listnám í Svíþjóð, á Spáni og í Finnlandi auk Íslands og lagði áherslu á ljósmyndun og kvikmyndagerð. Hún hefur sýnt víða og unnið að margvíslegum verkefnum á sviði lista, m. a. kennslu og sýningarstjórn í tæpan áratug. Það er heiður fyrir Listasafn Reykjavíkur að frumsýna mynd hennar Ég missti næstum vitið. Þetta er þriðja verkið í kvikmyndaformi sem Bjargey gerir og fjallar þetta eins og mörg verka hennar um ástir og afbrýði. Fyrri myndir hennar Jean og Falskar Tennur báðar frá árinu 1998 hafa vakið athygli og verið sýndar á kvikmyndahátíðum og í sófnum og galleríum víða um Evrópu, í Ameríku og Japan.

Myndin Ég missti næstum vitið er hér sýnd sem hluti af innsætingu sem ber nafnið Láttu ekki viðkvæmt útlit mitt blekkja þig og samanstendur af ljósmyndum og umræddri mynd. Þegar söguhetjan í verki Bjargeyjar Ólafsdóttur fær það sem hún hefur alltaf óskað sér saknar hún þess sem hún hafði. Mynd Bjargeyjar hefst á því að slasaður maður liggur í sófa og ræðir við konu sína – það kemur í ljós að hann hefur orðið fyrir slysi sem hefur breytt skapgerð hans. Hann sem áður var erfiður í sambúð er nú ljúfur sem lamb en eiginkonan sem hafði óskað sér persónuleika breytinga er miður sín og ósátt við manninn nú þegar hann loks er orðinn bliður og meyr. Að lokum kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist og hún átti ekki að láta blekkjast af viðkvæmu útliti hans.

Sviðsetningin skiptir listakonuna miklu máli og leggur hún mikið upp úr leikmynd, búningum og hljóðmynd verka sinna – hún fær leikara til liðs við sig og leikstýrir þeim eftir eigin handriti. Myndir Bjargeyjar eru framleiddar líkt og kvikmyndir í fullri lengd, með framleiðanda, hljóðmönnum, myndatökumanni og sérsaminni tónlist sem ljær myndunum einstakan blæ. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að nota filmu en ekki myndband við gerð verka sinna. Ljósnaemi og litir filmunnar skipta hana máli.

Flest verka Bjargeyjar eru byggð á ljósmynda-tækninni ýmist hefðbundnar ljósmyndir, myndskyggjusýningar eða kvik myndir og hún segir sögur í verkum sínum – þó útlit og áferð skipti einnig máli þá er sagan miðpunktur hvers verks. Minnisstælt er útskriftarverk hennar úr Myndlista- og handiðaskólanum sem sýndi farþega sem hún hafði ekið í starfi sínu sem leigubílsstjóri. Hver mynd hafði sögu að geyma – oft hversdagslega og átakalaus. Hún hefur síðan sagt margskonar sögur – um stelpur að djamma í París, um fólk í tilgangsleysi og skilningsleysi í herbergi fullu af drasli, sögur um dauðann bæði sannar og lognar. Og nú leiðir hún okkur á vit hjóna, í að því er virðist, hörðum heimi kaldra tilfinninga.

Ágústa Kristófersdóttir  
Sýningarstjóri, Listasafni Reykjavíkur

Bjargey Ólafsdóttir studied art in Sweden, Spain, Finland and Iceland. In her studies she focused on photography and film. She has exhibited her work internationally and worked on various projects in the field of art, and has, for instance, taught and worked as a curator for nearly a decade. The Reykjavik Art Museum is honoured to premiere her film *Lost My Head*. This is Bjargey's third film and it reflects on love and jealousy, as many of her previous works. Her films, *Jean*, and *False Teeth* – both from 1998 – have attracted attention, and have been screened at film festivals and museums and galleries in Europe, the United States and Japan.

The film *Lost My Head* is exhibited here as a part of an installation called *Do Not Let My Fragile Appearance Deceive You*, consisting of photographs and the aforementioned film. When the heroine in Bjargey's work finally gets what she had always hoped for, she misses what she had. The film begins with an injured man lying on a sofa talking to his wife – it soon turns out that he has suffered an accident that has changed his temperament. He – who once was so difficult to live with, is now as sweet as pie, but the wife who had wished for a change in his character is miserable and unhappy with her husband now that he has become gentle and tender. The end reveals that all is not as it seems, and she should not have been fooled by his fragile appearance.

The staging is important to the artist and she puts great emphasis on the set, costumes, and the articulation of her works – she enlists the help of actors and directs them according to her own script. Bjargey's films are produced in the same manner as full-length films are, she uses producers, sound technicians and cinematographers, and especially composed music that gives the films a unique quality.

Most of Bjargey's works are based on the techniques of photography, either conventional photography, slides shows or moving pictures, and she tells stories in her works – even though the look and texture also play an important role, the story is the focal point of each work. Bjargey's graduation piece from the Icelandic College of Art and Craft was memorable; it showed passengers she drove when she worked as a part-time taxi driver. Each picture told a story – often quite mundane and uneventful. Since then she has told all sorts of stories – stories about girls out on the town in Paris, people in futility and confusion in a room full of trash, stories of death, both false and true. And now she brings us to a couple, in what seems to be a harsh world of cold feelings.

Ágústa Kristófersdóttir  
Curator, Reykjavik Art Museum

## BRÚÐKAUPSFERÐ ÁN ENDA

Ég missti næstum vítið, nýtt verk eftir listakonuna Bjargeyju Ólafsdóttur, er mögnuð kvikmyndasena sem sýnir hvað mannleg samvirkni getur verið eitruð, krydduð eða ljúf sökum afbrýði og leiða. Í myndinni mótast samband hjóna af lágmarks tjáningu, og skelfilega hægri framvindu. Það er að segja, hér er áhorfandinn í lokuðum samhliða heimi einhversstaðar í námunda við stemninguna í myndum eins og *Bitter Moon*, *Crash* og *Festen*. Eins og þegar við fáum minningaleittur eða déja vu, þá eru útlínur minninga okkar þegar orðnar óskýrar. Í Ég missti næstum vítið er passivri undirgefni auðveldlega skipt út fyrir ofsafengið drama, hlutverkin snúast og tilfinningunum er gefin laus taumur. Þetta gæti eins verið einhverskonar einkaritúal, hugsaði ég á fimabili, vel sviðsettur hversdagslegur ástarleikur. En hvað um undarlega hrafnninn úr fyrstu römmum myndarinnar sem virðist fylgjast með öllu sem fram fer? Og er þetta allt að gerast í fyrsta sinn? hugsa ég, komin með nett ofsóknarbrjálæði vegan hrafnsins. Og hvað ef þetta er dæmt til að endurtakast að eilífu?

Þótt það sé karlmaðurinn sem byrjar sem ömurlegur aumingi, þá fer hann brátt með sigur af hólmi í þessu sálræna valdatafli. Þannig getur atriðið virkað feminískt að upplagi, en annað kemur í ljós síðar. Í byrjun liggur hann með höfuðið í kjöltu hennar, vafinn í sárabindi vælir hann og barmar sér, talar um áfallið og breytingarnar sem urðu á skítlegu eðli hans. Hann snókktr: „Það er ekki sanngjarnt hvernig þú lætur við mig“. Kvenmaðurinn er skeytingarlaus með divulegum glæsileika og leiðir hann algjörlega hjá sér. „Ég vil skilja við þig“ segir konan, klassik, köld ummæli. Hún er ísköld á svip, þangað til hann skiptir um skap, verður pirraður, ágengur. Stutt sameiginleg stund af melódráma, með tórum og tónlist, virkar sem gildra, sem kveikja, sem dyr að sprengingunni sem maður er farinn að búast við. Maðurinn skellir lokinu á flyglinum á fingur konunnar í bræði sinni, og hún, til mikillar furðu, fleygir sér í fang hans og nánast drekkir honum í yfiringilegum bliðuhótum.

Krefst þetta atriði einhverskonar sönnunar úr okkar eigin reynsluheimi? Það held ég ekki. En hvað með hinn augljósa ruddaskap sem felst í því að fylgjast með dramatískum tilfinninga



af hysteríu í myndinni á töluvert minna áberandi pláni, með því sem virðist vera andstæðum löngunum. Freud fjallaði um konu sem sem togaði pílsfaldinn sinn upp með vinstri hendinni til að tæla áhorfandann á meðan hægri höndin togaði niður pílsfaldinn á sama tíma til að leggja áherslu á skírliði sitt. En geðlæknar hafa undanfarið talað mun meira um hysteríu karlmannna. Ég sé engin vandkvæði á því að skilgreina sambandið í myndinni sem hysterískt frá báðum hliðum séð. Engu að síður er mun mikilvægara fyrir stykkið sjálf að tilfinningalegt „hagkerfi“ heildarinnar sé ákvarðað af vélrænum reglum frekar en tilfinningalegum. Eins og vökr sameinaðir í líót er hagkerfi tilfinninganna að endingu jafnað út innan atriðisins. Masókistinn á sadistann skilið og öfugt.

Í innsetningunni er myndin sýnd ásamt ljósmyndum sem listakonan tók á meðan gerð myndarinnar stóð, þannig fæst annað sjónarhorn á sama viðfangsefni. Raunveruleiki þessara ljósmynda vinnur gegn raunveruleika myndarinnar og felur í sér stöðugt flæði andstæðra tilfinninga. Eða ætti maður kannski að segja að listamaðurinn hafi tvíköðað raunveruleikann? Röð myndrænna augnablika,

eins og parið á sófanum, umbúðirnar um höfuð hans, sigarettan í munnnum hennar, hvítur flygillinn, varalitafar og hvít skyrtu hans blettud bláði hennar, gera senuna kunnuglega. Nærvera hennar er því mjög aðkallandi þrátt fyrir agaða fagurfræði þessa kuldalega herbergis, en þó eins og hún sé alls staðar, öllum stundum, eilíf. Eins og hún sé óraunveruleg og ekki til staðar, en ná þó samt að skilgreina einhvernveginn grundvallar mynstur mannlegra samskipta og tilveru, á þann hátt sem að kvikmyndir eiga enn til að gera. Þetta er jü eftir allt saman ekki fyrsta myndin sem Þjargey Ólafsdóttir gerir um haltu-mér-sleptu-mér samband.

Hanno Soans

Sýningarstjóri, Listasafni Eistlands



## NON-STOP HONEYMOON

Lost my head, a new work by Icelandic artist Bjargey Ólafsdóttir, is one epic scene of a movie offering a juicy concentrate of human inter-dependency poisoned, spiced or sweetened by jealousy and boredom. In the movie the relationship of a chic couple is modelled with minimal means of expression, but depicted at a hideously slow pace. That is to say, here the viewer is in a hermetic parallel world situated somewhere quite close to the atmosphere of films like *Bitter Moon*, *Crash* and *Festen*. Like in a flashback or a *déjà vu*, we have the edges of our memories slightly blurred already. In *Lost my head*, passive submission is easily exchanged for violent drama, the roles are switched and the emotions played out. It might just as well be a private ritual of a sort, I thought at a certain point, a trivial love-game, so perfectly staged. But what about the strange raven from the first frames of the movie, apparently following all what is taking place? And is it all supposed to happen for the first time, I wonder, the raven having made me slightly paranoid? And what if it is determined to repeat endlessly?

Although it is the male protagonist, who starts as a pathetic wreck, he soon triumphs in this psychological power game. Thus at a certain

point the scenario might look as programmatically feminist. Not until the very end, although it might look so, firsthand. With his head on her lap in the beginning, wrapped in bandage, ranting and whining, hinting to a trauma and changes it caused in his previously so nasty character, he sobs: "It is not fair how you treat me." The female protagonist is leaning on her passivity in a diva-like grandeur, completely ignoring his act. "I am going to leave you", the woman says, the classical icy remark. She is wearing her make-up of absolute coldness exactly up to the point where he is entering another mood, becoming agitated, intense. Few shared moments of melodrama, with tears and music, is working as a trap, as a trigger, as a door to the already expected rupture. The man slams the lid of the grand piano down on her fingers in a fit of rage and she, surprisingly, throws herself into his arms, almost devouring him with overwhelming affection.

Does this scenario need a proof of some kind in our own experience? I don't think so. But what about the obvious obscenity of watching the dramatic ping-pong of all these emotions and the relative innocence of the nasty act of violence. Does it need an explanation? No. Although at the same time it is just begging for it! Here you have another paradox of a hysteria woven into



that movie on a more discreet level, through seemingly contrasting desires. While Freud was referring to a woman whose left hand was caught in an attempt of raising the skirt to seduce the viewer and her right hand was simultaneously tearing the skirt down to reinforce her chastity, lately psychiatrists have talked a lot about male hysteria. I can see no problem in defining this on screen-relationship as hysterical from both ends. Nevertheless, it is much more important for the sake of the piece that the emotional economy of the whole set is determined by the mechanical rules instead of psychology. Like liquids in united vessels the economy of emotions is finally levelled within a scene. A masochist deserves a sadist and vice versa.

In the installation format the film is paired with a series of photos taken by the artist during the shooting of the movie, providing another angle to the same material. The reality of these photographs negates the reality of the film, embodied in steady flow of contrasting emotions. Or should we say the artist is double-coding the reality? A series of picturesque moments like the couple on a chaise-long, bandage on his head, cigarette in her mouth, a white grand piano, lipstick traces and his white shirt tainted by her blood, make the scene familiar to us. The scene is thus present and intense, despite the restrained aesthetics of this cool boudoir, but as if it were present everywhere, at all the times and always. As if it were unreal and nonexistent, but still somehow defining the basic pattern of inter-human existence, in a way feature films still tend to do it. After all it is not the first film by Bjargey Ólafsdóttir focusing on a love-hate relationship.

Hanno Soans  
Curator, Art Museum of Estonia

**Ég missti næstum vitið** var styrkt af Kvikmyndamiðstöð Íslands  
**Lost My Head** was supported by Icelandic Filmcenter  
Ráðgjafi/Consultant: Kristín Pálsdóttir

Kristján Franklín Magnúss  
Þrúður Vilhjálmsdóttir

Tónskáld / Composer: Jóhann G. Jóhannsson  
Klippari / Editor: Steinþór Birgisson  
Búningar / Costume designer: Luis Cascante  
Leikmunir / Set dresser: Hrafnkell Birgisson  
Færðun / Make up: Sólveig Birna Gísladóttir  
Hljóðvinnsla / Post-production sound: Huldar Freyr Arnarsson  
Kvikmyndatökumaður / Director of Photography: Tuomo Hutri  
Framleiðandi / Producer: Hrönn Kristinsdóttir  
Handrit og Leikstjórn / Written and directed by: Bjargey Ólafsdóttir

Opnunartími í Hafnarhúsi og á  
Kjarvalsstöðum alla daga 10-17.  
Opnunartími í Ásmundarsafni  
maí-september 10-16 og október-  
apríl 13-16.



Aðgöngumiðinn gildir samdægurs  
í öll húsin. Alla sunnudaga kl. 15  
er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu.

Hafnarhus and Kjarvalsstaðir are  
open every day from 10 am-5 pm.  
Asmundur Sveinsson Sculpture  
Museum - Asmundarsafn is open  
May-Sept. 10 am-4 pm and  
October-April 1 pm-4 pm.

The entrance ticket is valid the same  
day for all three museums. Guided  
tours are available upon request.

Listamannspjall verður í fjölnotasal Hafnarhúss sunnudaginn  
30. janúar kl. 15. Bjargey Ólafsdóttir fjallar um feril sinn og  
verk ásamt Ágústu Kristófersdóttur listfræðingi. Sýndar verða  
þrjár stuttmyndir Bjargeyjar: Falskar tennur, Jean og Ég missti  
næstum vilið.

Artist Talk at Hafnarhus, Sunday January 30 at 3pm.  
Conversation with artist Bjargey Ólafsdóttir. Moderator Ágústa  
Kristófersdóttir curator. In Icelandic. Screening of three short  
films by Bjargey: False teeth, Jean, and Lost my head.

Sérstakar þakkir / Special thanks:

ICELANDAIR 

HANS PETERSEN

